

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um vígslubiskupa nr. 820/2000.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um
vígslubiskupa nr. 820/2000.

1. gr.

Ákvæði 4. gr. orðist svo:

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir Skaftafells-, Rangárvalla-, Árnes-, Kjalar-
nes-, Reykjavíkur eystra-, Reykjavíkur vestra-, Borgarfjarðar-, Snæfellsness-, Dala-, Barða-
strandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar-,
Þingeyjar-, Múla- og Austfjarðarprófastsdæmi.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild skv. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og
starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. nóvember 2002.

Gjört í Reykjavík, 17. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 17. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 818/2000.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um
kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 818/2000.

1. gr.

Við staflið a í 2. gr. bætist nýr másl. svohljóðandi:

Ennfremur þeir prestar, sem settir eru til þjónustu til lengri tíma en eins árs samfellt.

Við staflið a í 3. gr. bætist nýr másl. svohljóðandi:

Ennfremur þeir prestar, sem settir eru til þjónustu í vígslubiskupsumdæminu til lengri
tíma en eins árs samfellt.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. nóvember 2002.

Gjört í Reykjavík, 17. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjubings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 17. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðabyggðar nr. 390/2000.

1. gr.

Við 1. gr. lið 1.1. bætist eftirfarandi: „og Mjóafjarðarhöfn“.

Við 1. gr. lið 1.4. bætist eftirfarandi: „Mjóafjarðarhöfn tekur yfir Mjóafjörð vestan línu,
sem hugsast dregin úr Eldleysu norðan fjarðarins í Hafnartanga sunnan fjarðarins.“

Við 1. gr. lið 1.6. bætist eftirfarandi: „Hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps hefur þó með
höndum úthlutun lóða á hafnarsvæði í Mjóafirði.“

2. gr.

Við 2. gr. lið 2.5. bætist eftirfarandi: „Þegar fjallað er um málefni Mjóafjarðarhafnar
á fulltrúi hreppsnefndar Mjóafjarðarhrepps sæti í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt.“

3. gr.

Við 20. gr. lið 20.2. bætist eftirfarandi: „Þá fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Mjó-
afjörð nr. 124/1966.“

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994, með síðari
breytingum, tekur þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 16. október 2002.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.